

## REGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (EB) nr. 381/2005

2008/EES35/23

frá 7. mars 2005

**um breytingu á reglugerð (EB) nr. 1702/2003 um framkvæmdarreglur varðandi lofthæfis- og umhverfisvottun loftfara og tilheyrandi framleiðsluvara, hluta og búnaðar og varðandi vottun hönnunar- og framleiðslufyrirtækja (\*)**

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUBANDALAGANNA HEFUR,  
með hliðsjón af stofnsáttmála Evrópubandalagsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1592/2002 frá 15. júlí 2002 um sameiginlegar reglur um almenningsflug og um stofnun Flugöryggisstofnunar Evrópu<sup>(1)</sup>, einkum 4. mgr. 5. gr. og 3. mgr. 6. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Reglugerð (EB) nr. 1592/2002 var komið í framkvæmd með reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 1702/2003 frá 24. september um framkvæmdarreglur varðandi lofthæfi- og umhverfisvottun loftfara og tilheyrandi framleiðsluvara, hluta og búnaðar og varðandi vottun hönnunar- og framleiðslufyrirtækja<sup>(2)</sup>.
- 2) Núverandi texti c-liðar í 21A.163 í viðaukanum við reglugerð (EB) nr. 1702/2003, varðandi þau réttindi samþykkt framleiðslufyrirtækis að gefa út opinber afhendingarvottorð (viðhaldsvottorð/framleiðsluvottorð) (EASA-eyðublað nr. 1) fyrir framleiðsluvörur, gefur tilefni til mismunandi túlkana og speglar ekki upprunalegan tilgang sem er að veita samþykktu framleiðslufyrirtæki slík réttindi.

3) Því ber að breyta reglugerð (EB) nr. 1702/2003 til samræmis við það.

4) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, byggjast á álit Flügöryggisstofnunar Evrópu<sup>(3)</sup> í samræmi við b-lið 2. mgr. 12. gr. og 1. mgr. 14. gr. reglugerðar (EB) nr. 1592/2002.

5) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, eru í samræmi við álit nefndarinnar sem komið var á fót með 54. gr. reglugerðar (EB) nr. 1592/2002.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

Í c-lið í 21A.163 í viðaukanum við reglugerð (EB) nr. 1702/2003 falli „skv. 21A.307“ brott.

2. gr.

Reglugerð þessi öðlast gildi á þeim degi sem hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 7. mars 2005.

*Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,*

Jacques BARROT

*varaforseti.*

(\*) Þessi EB-gerð birtist í Stjtíð. ESB L 61, 8.3.2005, bls. 3. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 122/2005 frá 30. september 2005 um breytingu á XIII. viðauka (Flutningastarfsemi) við EES-samninginn, sjá *EES-viðbætur við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins* nr. 66, 22.12.2005, bls. 17.

<sup>(1)</sup> Stjtíð. EB L 240, 7.9.2002, bls. 1. Reglugerðinni var síðast breytt með reglugerð (EB) nr. 1701/2003 (Stjtíð. ESB L 243, 27.9.2003, bls. 5).

<sup>(2)</sup> Stjtíð. ESB L 243, 27.9.2003, bls. 6.

<sup>(3)</sup> Alit nr. 1/2004, 24.2.2004.